

Nd.

17. Frumvarp til laga

[17. mál]

um breytingu á lögum nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum.

Flm.: Kristín S. Kvaran, Guðmundur Einarsson.

1. gr.

65. gr. laganna hljóði svo:

Kjósandi utan kjörfundar fer svo fram að kjósandi stimplar eða ritar bókstaf þess lista, eða nafn eða nöfn þeirra frambjóðenda af listum, sem hann vill kjósa, allt upp í tölu kjörinna þingmanna í viðkomandi kjördæmi.

2. gr.

84. gr. laganna hljóði svo:

Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt, að hann markar með ritblýi kross á kjörseðilinn fyrir framan bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa af þeim sem í kjöri eru, eða setur kross fyrir framan eitt nafn á lista eða fleiri nöfn á lista eða listum allt upp í tölu kjörinna þingmanna í viðkomandi kjördæmi.

Hver kjósandi hefur eitt atkvæði. Skipti hann atkvæði sínu á fleiri en einn frambjóðanda, hljóta þeir sama brot atkvæðis, reiknað með þremur aukastöfum.

3. gr.

109. gr. laganna hljóði svo:

Til þess að finna út, hve marga einstaklinga listi fær kjörna í kjördæmi, skal reikna listum atkvæði með eftirfarandi hætti:

Atkvæði, sem merkt eru listabókstaf, eru lögð við atkvæði eða brot úr atkvæði, reiknuð með þrem aukastöfum, greidd einstaklingum á listum, og er þá fundin atkvæðatala listans í viðkomandi kjördæmi.

Til þess að finna, hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista, skal leggja saman atkvæðatölur listanna og atkvæðatölur eða brot úr atkvæðatölum þeirra einstaklinga á lista, sem atkvæði hljóta. Fyrir neðan bókstaf skal rita atkvæðatöluna, þá helming talnanna, þá þriðjung þeirra, þá fjórðung o. s. frv. eftir því hve marga á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar, jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna sem hann á af tölum þessum.

4. gr.

110. gr. laganna hljóði svo:

Til þess að finna hvaða frambjóðendur hafa náð kjördæmakosningu af hverjum framboðslista skal þeim raðað innbyrðis eftir atkvæðamagni. Atkvæðamagn hvers frambjóðanda er fundið með því að leggja saman persónulegt atkvæðamagn hans og hlutdeild hans í atkvæðum greiddum viðkomandi framboðslista. Reikna skal með að atkvæði greidd listanum skiptist jafnt, á jafnmörg efstu sæti hans og **kjördæmakosinn** þingmannafjöldi listans segir til um. Við þessa skiptingu skal reikna með þremur aukastöfum. Þeir frambjóðendur hvers lista, sem mest atkvæðamagn fá, skulu hljóta kosningu.

Við reikning á atkvæðamagni frambjóðenda til landskjörs skiptast atkvæði greidd listanum á jafnmörg efnu sæti hans og heildarþingmannafjöldi listans í kjördæminu segir til um.

Hljóti listi landskjörna þingmenn, hljóta þeir frambjóðendur landskjör, sem mest atkvæðamagn hafa, að frágengnum kjördæmakosnum þingmönnum listans.

5. gr.

Í stað „Því næst 109. gr.“ í 122. gr. laganna komi: Því næst skal skrá við nafn hvers frambjóðanda það atkvæðamagn, er honum ber skv. 110. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er endurflutt óbreytt frá 105. löggjafarþingi.

Hér er lagt til að kosningalögum verði svo breytt, að kjósandi eigi möguleika á því að merkja við listabókstaf, enda fellir hann sig þá við þá röð, sem fram hefur verið sett á röðuðum lista; að kjósandi eigi möguleika á að merkja við einn einstakling, og nýtist þá atkvæðið þeim lista, sem sá frambjóðandi, sem atkvæðið hlýtur, á sæti á; og að kjósandi eigi rétt á að skipta atkvæði sínu á svo marga frambjóðendur sem fjöldi þingmanna í viðkomandi kjördæmi segir til um og geti hann þá kosið einstakling af hvaða lista sem vera skal. Kjósi menn með þeirri aðferð skiptast atkvæði milli lista í þeim hlutföllum, sem kjósandi hefur ákveðið.

Dæmi I.

A	B	X C	D
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____

Hér er um að ræða kjördæmi sem hefur fimm þingmenn. Hér hefur kjósandi kosið lista, og þar með fellt sig við röðun hans. Setjum svo að samanlögð tala atkvæða greiddra lista (t. d. 1000) og atkvæða (t. d. 1300) greiddra einstaklingum á lista sé 2300. Þá er reiknað

Dæmi II.

A	B	C	D
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	X _____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____

Hér hefur kjósendi kosið einstakling á lista. Sá hlýtur þá heilt atkvæði, og jafnframt hlýtur B-listi þetta atkvæði.

Dæmi III.

A	B	C	D
_____	_____	_____	X _____
_____	_____	_____	_____
_____	X _____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	X _____	_____
_____	_____	X _____	_____
X _____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
0.2	0.2	0.4	0.2

hversu mörg þingsæti sú tala gefur. Niðurstaða gæti verið að hún gæfi tvö þingsæti. Eitt þúsund atkvæði greidd lista skiptust sem persónuleg atkvæði á hina tvo efstu. Þeir gætu hafa fengið persónuleg atkvæði að auki. Hafi hins vegar einstaklingur annars staðar á lista fleiri persónuleg atkvæði, þá flyst hann eða hún (þeir eða þau) ofar sem því nemur.

Hér hefur kjósandi kosið að skipta atkvæði sínu í fimm staði, sem er hámark þar sem þingmenn eru fimm; og enn fremur kosið að dreifa því milli lista. Listarnir hljóta þá þau brot úr atkvæði (í þessu tilfelli hlýtur C $\frac{2}{5}$ og A, B og D $\frac{1}{5} = 1$) og kjósandi hefur jafnframt kosið fimm einstaklinga.

Þetta er tillaga um **kosningaaðferðina** við óbreyttar aðstæður að öðru leyti, og verður að taka mið af því. **Þessa aðferð má fella að nýjum kosningalögum, þó svo þeim verði breytt að öðru leyti.**

Þessar tillögur eru hluti þeirrar stefnumörkunar Bandalags jafnaðarmanna að auka lýðrættindi fólksins í landinu en minnka í staðinn völd hagsmuna- og þrýstihópa hvers konar og þar á meðal og ekki síst flokksvéla stjórnmalaflokkanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Kosning utan kjörstaðar er löguð að þeirri almennu reglu, sem verið er að leggja til.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að kjósandi geti merkt X við lista; við einstakling á lista; og við einstaklinga á einum eða fleiri listum, allt upp í svo marga einstaklinga sem fjöldi kjördæmakjörinna þingmanna í viðkomandi kjördæmi segir til um.

Felld eru út ákvæði um útstrikanir og endurröðun, enda verða þau óþörf og hafa auk þess ekki haft neina þýðingu í raun.

Um 3. og 4. gr.

Greinarnar gera ráð fyrir því, að lögð séu saman atkvæði greidd lista og atkvæði eða brot úr atkvæðum greidd einstaklingum. Sú summa er heildaratkvæði viðkomandi lista í viðkomandi kjördæmi. Listum eru reiknuð þingsæti miðað við þá tölu, með sama hætti og nú er gert (með því að deila fyrst með 1, þá með 2, þá 3 o. s. frv.).

Atkvæði greidd lista eru jafnframt persónuleg atkvæði þess eða þeirra, sem skipa efstu sæti lista, og skiptast þau jafnt, ef heildarfjöldi þeirra hefur fleiri en eitt þingsæti.

Hljóti annar eða aðrir einstaklingar fleiri persónuleg atkvæði flytjast þeir ofar á lista, áður en þingsætum er útdeilt til einstaklinga.

Felld eru niður ákvæði um útstrikanir og breytta röðun, enda verða þau óþörf.

Fái listi jafnframt landskjörinn þingmann í kjördæmi, reiknast atkvæði greidd lista persónuleg atkvæði þess einstaklings, sem næstur er á lista án þess að hafa náð kjöri, og er þá deilt í tölu greidda lista með tölu kjörinna þingmanna að viðbættum einum. M. ö. o.: hafi listi í kjördæmi fengið tvo kjörna þingmenn, þá eru atkvæði greidd listanum jafnframt persónuleg atkvæði hinna þriggja efstu.